



Reykjavík, 23. júní 2025

MSS25060102

Tillögur vegna aðalfundar Malbikunarstöðvarinnar Höfða 2025

Boðað hefur verið til aðalfundar Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. fimmtudaginn 26. júní 2025 að Sævarhöfða 6-10 í samræmi við 10. til 14. gr. samþykktu félagsins. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi dagskrá liggur fyrir aðalfundi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda.
3. Tillaga stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
Stjórnin leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa, fyrir árið 2024.
4. Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða.
Sjá meðfylgjandi tillögu.
5. Tillaga stjórnar um fjárhags- og starfsáætlun.
Sjá meðfylgjandi tillögu.
6. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu.
Sjá meðfylgjandi tillögu.
7. Tillaga stjórnar um fjárfestingaráætlun.
Sjá meðfylgjandi tillögu.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
Sjá meðfylgjandi tillögu.
9. Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir hluthafafund skv. 3. mgr. 17. gr.
Engar tillögur liggja fyrir.
10. Kosning endurskoðunarfélags.
Stjórnin leggur til að fyrir reikningsárið 2025 verði löggiltur endurskoðandi kjörinn Grant Thornton endurskoðun ehf. í samræmi við samning sem undirritaður var í maí 2023.
11. Tillögur stjórnar um skipan undirnefndar skv. 20. gr., ef við á.
Engar tillögur liggja fyrir.
12. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til undirnefndar, ef við á.
Engar tillögur liggja fyrir.
13. Kosið í stjórn félagsins, ef við á skv. ákvæði 2. mgr. 14. gr.
14. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar.
Stjórnin leggur til að stjórnarlaun skulu samsvara flokki II í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Formaður fái tvöföld stjórnarlaun.
15. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
Engar tillögur liggja fyrir.





Lagt er til við borgarráð að tillögur 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10 og 14 verði samþykktar. Varðandi tillögu nr. 13 þá liggur fyrir tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, að Helgi Þór Ingason verði stjórnarformaður. Aðrir stjórnarmenn verði Sigurður Ágúst Sigurðsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Sabine Leskopf. Lagt er til við borgarráð að tillagan verði samþykkt.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Malbikunarstöðvarinnar Höfða sem haldinn verður 26. júní 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð aðalfundar Malbikunarstöðvarinnar Höfða þann 26. júní 2025

Ársskýrsla og tillögur stjórnar Malbikunarstöðvarinnar Höfða vegna aðalfundar.



Reykjavík

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**
Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík
Sími: 587 5848
Kt. 581096-2919



Reykjavík 9. maí 2025

Til hluthafa í Malbikunarstöðinni Höfða hf.

Aðalfundur 2025

Boðað er til aðalfundar sem haldinn verður á skrifstofu Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. að Sævarhöfða 6-10, Reykjavík, fimmtudaginn 26. Júní 2025 kl. 14:00.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf skv 14. gr. samþykpta félagsins

Boðaðir eru fulltrúar Borgarstjórans í Reykjavík, stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða og framkvæmdarstjóri félagsins.

Ársreikningur félagsins liggur frammi á skrifstofu félagsins.

Virðingafyllst,

Birkir Hrafn Jóakimsson

Birkir Hrafn Jóakimsson, framkvæmdastjóri



MALBIKUNARSTÖÐIN

HÖFÐI

Malbikunarstöðin HÖFÐI hf.



Ársskýrsla 2024

SKÝRSLA STJÓRNAR	2
INNANGUR.....	4
FRAMLEIÐSLA MALBIKS	4
FRAMLEIÐSLA STEINEFNA	4
ÚTLÖGN OG FRAMKVÆMDIR.....	4
BIK.....	4
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN.....	4
UMHVERFIS- OG GÆÐAMÁL	5
REKSTUR	5
FJÁRFESTINGAR	6
SKIPULAG OG STARFSMANNAMÁL	6
NIÐURLAG	6
SKIPURIT	8
GÆÐA-, UMHVERFIS- OG ÖRYGGISSTEFNA	9
LJÓSMYNDIR.....	12

Árið 2024 var tuttugasta og níunda rekstrarár Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. frá stofnun fyrirtækisins en það tók við rekstri Malbikunarstöðvar - og Grjótnáms Reykjavíkurborgar 1. janúar 1997.

Velta fyrirtækisins árið 2024 minnkaði verulega og voru tekjur félagsins um 28% minni en árið 2023. Rekstrarafkoma ársins var lakari en árið 2024 þar sem rekstrargjöld voru um 13% lægri en árið 2023. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 977.991.100 og rekstrargjöld kr. 1.399.941.145. Rekstrartap á árinu 2024 var fyrir skatta kr. 248.245.159, en eftir skatta nam tap ársins kr. 215.120.903. Þessi rekstrarniðurstaða var öllu lakar en kynnt var í rekstraráætlun í lok október 2023. Þá var áætlað að tap yrði á rekstri félagsins vegna kostnaðar við flutning á malbikunarstöð en sú vinna hófst á síðasta ársfjórðungi 2021. Eigið fé félagsins var í árslok kr. 1.270.350.

Verð á steinefnum hækkaði á árinu. Minna var flutt inn af erlendum steinefnum því birgðastaða var góð. Engin vinnsla var á innlendum steinefnum önnur en endurvinnsla malbiksefna.

Félagið hóf að flytja inn bik í eigin gámum og gekk það án vandkvæða.

Launakostnaður lækkaði á árinu 2024 um 10% frá árinu á undan en það má að rekja til rekja til fækkunar starfsmanna árið 2024.

Stærstu verkefni ársins hjá fyrirtækinu voru fyrir Eimskip og Hringrás. Þá komu inn verulega aukin verkefni fyrir verktaka í nýframkvæmdum. Sala á malbiki var heldur minni en áætlað var í ársbyrjun 2024. Vinna við útlagnir gekk almennt vel um sumarið og tíðarfar var þokkalega hagstætt fyrir vinnu við malbikun. Malbikunarverkefni voru frameftir hausti þar sem tíðarfar var gott og síðasta malbikun ársins fór fram í vikunni fyrir jól.

Höfði og Reykjavíkurborg komust að samkomulagi um brottflutning og niðurrif á mannvirkjum sem eru á lóð á Sævarhöfða. Í því samkomulagi var miðað við að búið væri að flytja framkvæmdadeild og skrifstofu Höfða í árslok 2022 þó með ákvæðum um breytingar á tímalínu flutninga sem tækju mið af framþróun verkefna á Höfðanum. Eins og staðan er nú liggur ekki enn fyrir hvenær framkvæmdir á

svæðinu komist á það stig að félagið þurfi að flytja skrifstofur og framkvæmdadeild. Unnið hefur verið að því að skoða möguleika á því að finna þessum deildum heppilegt húsnæði og athafnasvæði þegar þar að kemur.

Félagið hóf framleiðslu á malbiki á Álhellu 34 í Hafnarfirði í byrjun maí 2022 eftir prufuframleiðslu í lok apríl. Höfði hefur starfsleyfi til að framleiða malbik á lóð sinni á Álhellu 34 og gildir heimildin fram á mitt ár 2034.

Framleiðsla á malbiki gekk vel á árinu 2024. Nýir dagtankar fyrir stíft og mjúkt bik hafa reynst vel en ljóst er að nauðsynlegt er að auka geymslurými á stöðinni sérstaklega eftir að farið var að flytja bik inn í gámum. Dagtankarnir eru nú tveir og rúma 150 tonn en miðað er við að vera með stíft asfalt í öðrum tanknum og mjúkt í hinum. Áætlanir gera ráð fyrir að koma fyrir færanlegum bigggeymslum í 40 feta gámum á lóðinni í Álhellu.

Flutningur á malbikunarstöð fyrirtækisins hefur reynst kostnaðarsöm aðgerð ásamt því að vera flókin og tímafrek í framkvæmd. Búið er að rífa niður og fjarlægja ViaNova malbikunarstöð á Sævarhöfða sem var í rekstri í tæp 50 ár.

Ekki er búið að rífa niður og fjarlægja grjótmulningsstöð og biktanka en sú framkvæmd er á áætlun nú í sumarið 2025.

Í upphafi þessa árs áætlaði yfirstjórn félagsins að umsvif 2025 verði mun meiri en árið 2024 og bendir allt til að sú áætlun gangi eftir.

Opinberir aðilar hafa um langt skeið tilkynnt að umfang framkvæmda muni aukast milli ára og að ráðist verði umfangsmiklar framkvæmdir á ýmsum samgöngumannvirkjum. Reiknað með því í áætlunum Höfða að mörg ný verkefni komi til framkvæmda á þessu ári.

Stjórn félagsins kom saman til funda 12 sinnum á árinu. Aðalfundur vegna ársins 2023 var haldinn 27. júní 2024. Stjórnin var óbreytt eftir aðalfund en í stjórn sitja Helgi Geirharðsson, Marta Guðjónsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Sabine Leskopf og Sigurður Ágúst. Sigurðsson. Helgi Geirharðsson er stjórnarformaður í félaginu.

Skýrsla stjórnar

Hlutfé Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. var í árslok 192.500.000 krónur og skiptist þannig:

Borgarsjóður Reykjavíkur 190.575.000 (99%)

Aflvaki hf. 1.925.000 (1%)

Á árinu störfuðu 28 starfsmenn að meðaltali hjá félaginu, miðað við heilsársstörf, en árið 2023 voru þeir 32 að meðaltali. Launagreiðslur námu samtals 455.962 þús.kr. Að auki námu launatengd gjöld 101.475 þús.kr.

Að öðru leyti er vísað til skýringar nr. 17 í ársreikningi um ráðstöfun eigin fjár og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. júní 2024

Í stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.

Helgi Geirharðsson, formaður

Marta Guðjónsdóttir

Kristín Vala Matthíasdóttir

Sabine Leskopf

Sigurður Ágúst Sigurðsson

Framkvæmdastjóri

Birkir Hrafn Jóakimsson

Inngangur

Malbikunarstöðin Höfði hf., sem er hlutafélag í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf., tók til starfa 1. janúar 1997. Skrifstofa og framkvæmdadeild fyrirtækisins eru á Sævarhöfða 6-10 í Reykjavík en malbikunarstöðin er á Álhelli 34 í Hafnarfirði

Framleiðsla malbiks

Malbiksframleiðsla minnkaði á árinu 2024 frá því sem var árið á undan. Malbiksframleiðsla ársins nam 27.000 tonnum. Yfir 70% af framleiðslunni voru lögð út af framkvæmdadeild fyrirtækisins, sem er herra hlutfall en undanfarin ár.

Gamalt malbik, sem til var á lóð félagsins, var mulið til notkunar í malbiksframleiðslu, en árið 2024 bauð fyrirtækið upp á endurunnið malbik í tíunda sinn. Malbiksframleiðsla með endurunnu malbiki jókst á síðasta ári. Notuð voru um 20% af framleiðslu voru úr endurunnu malbiki. Fyrirtækið hefur á stefnu sinni að auka enn frekar notkun á endurunnu malbiki í framleiðslu í burðarlög og slitlög. Vonast er til að aukning verði á framleiðslu slitlaga með endurunnu malbiki árið 2024 og reikna má með því að sveitarfélög muni í auknum mæli óska eftir þeim vörum, t.d. fyrir slitlög á stíga, bílastæði og götur með léttari umferð ökutækja.

Einnig hóf Höfði framleiðslu á kaldblönduðu malbiki úr 100% endurunnu malbiki, þar sem engin orka önnur en rafmagn er notuð við framleiðslu, stefnan er að auka framleiðslu á slíku efni verulega á næstu árum.

Framleiðsla steinefna

Steinefnasala var lítil á árinu 2024 og hefur stöðugt dregist saman undanfarin ár af ýmsum ástæðum.

Engin steinefni voru unnin hjá fyrirtækinu að undanskildu endurunnu malbiki.

Útlögn og framkvæmdir

Útlögn framkvæmdaeldar á malbiki nam tæplega

27 þúsund tonnum, sem er minna en áætlun í upphafi árs gerði ráð fyrir. Veðurfarslega var sumarið nokkuð óhagstætt og haustið fremur

gott. Vel tókst að hreinsa upp skuldbindingar er varða útlögn malbiks.

Framkvæmdadeildin vann að hálkueyðingu og snjómokstri fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar í samræmi við framhald á verksamningi í kjölfar útboðs árið 2024. Höfði þjónustaði svæði sem er um það bil helmingur af gatnakerfi höfuðborgarinnar en það er að mestu vestan við Elliðaánnar, á Seltjarnarnesi og á Sundahafnarsvæðinu hjá Faxaflóahöfnum.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar ákvað að bjóða aftur út vetrarþjónustu og fékk fyrirtækið vinnu fyrir þrjá bíla.

Mikilvægi vetrarþjónustu fyrir fyrirtækið fer sífellt minnkandi og damlegðaráhrif malbikunar og vetrarþjónustan að verða sífellt minni vegna sífellt lengra malbikstímabils.

Því má gera ráð fyrir að fyrirtækið minnki jafnt og þétt vinnu við vetrarþjónustu og einbeiti sér að malbikun, malbiksviðgerðum og viðhaldi á veturna.

Bik

Á árinu 2024 var allt bik flutt inn í sérútbúnum bikgámum frá Hollandi.

Árið 2024 voru notuð um 1.260 tonn af biki. Á síðasta ári var meira framleitt af malbiki með hörðu asfalti en mjúkt astalt var framleitt til flestra verkefna um haustið.

Rannsóknir og þróun

Rannsóknir á árinu 2024 voru með hefðbundnu sniði og fólust að mestu í innra og ytra eftirliti með framleiðslu og útlögnum á malbiki í samræmi við kröfur staðla og útboðsgagna. Minna þarf að fylgjast með framleiðslu á steinefnum fyrir malbik en þau eru nú að mestu keypt mulin frá efnissölum í námum sem framkvæma þær rannsóknir. Umfangsmestu rannsóknirnar eru eftirlitsrannsóknir með framleiðslu malbiks. Verkkaupar hafa verið að gera auknar kröfur um að fá sendar niðurstöður rannsókna til að fá staðfestingu á því að framleiðsla standist þeirra kröfur sem fram koma í útboðsgögnum. Eftirlitsrannsóknir eru að vaxa en heildarfjöldi þeirra ræðst endanlega af magni framleiðslunnar ár hvert.

Hönnunarrannsóknir á malbiki eru framkvæmdar á rannsóknarstofu Höfða, í samvinnu við ýmsa aðila, verkkaupa og einnig til að yfirfara hlutföll steinefna og bindiefni í nýjum og eldri malbiksblöndum. Rannsóknastofan tekur einnig að sér verkefni fyrir aðra aðila í nokkrum mæli en þær rannsóknir snúa helst að steinefnum.

Rannsókn- og þróunardeild stýrir vöktun, mælingum og greiningum á umhverfisþáttum í starfsemi fyrirtækisins. Höfði gætir einnig að umhverfisþáttum við vöruþróun. Gengið er úr skugga um það á rannsóknarstofu fyrirtækisins að nánast öll efni, sem notuð eru, séu umhverfisvæn og er það í samræmi við umhverfisstefnu Höfða.

Umhverfis- og gæðamál

Malbikunarstöðin Höfði hf. setur sér markmið í umhverfismálum, bæði er varðar framleiðslu og einnig við framkvæmd útlagna. Markmiðasetning fyrirtækisins í umhverfismálum snýr áfram að aukinni notkun á endurunnu malbiki. Einnig er stefnt að því að byggja yfir steinefnahauga á lóð við malbikunarstöð. Sú tilhögun minnkar raka í þeim efnum sem leiðir til minni notkunar á jarðefnaeldsneyti við framleiðslu á malbiki. Innkaupastefna fyrirtækisins felur í sér að kaupa inn tæki og búnað sem dregur úr olíunotkun.

Félagið fékk vottun á umhverfisstefnu sinni árið 2018 skv. ISO-staðli nr. 14001. Breska vottunarstofan BSI vottar umhverfisstjórnunarkerfið. Vorið 2024 gaf fyrirtækið út ársskýrslu um grænt bókhald, sem var fært fyrir árið 2022 og er í samræmi við lög þar um. Árið 2019 fékk félagið vottun BSI á heilsu- og öryggiskerfi skv. ISO-staðli nr. 45001. Úttekt fór fram í byrjun maí 2019 og var kerfið samþykkt af úttektaraðila.

Gæðakerfi félagsins skv. ISO-staðli 9001 var fyrst samþykkt árið 2013. Breska vottunarstofan BSI vottar gæðakerfið, eins og hin kerfin, Vinna við að CE merkja framleiðsluna hófst á árinu 2012 og frá og með miðju ári 2013 voru bæði steinefni og malbik, sem fyrirtækið framleiðir, með CE-vottun.

Að lokinni úttekt BSI á jafnlaunakerfi Höfða í maí 2020 fékk fyrirtækið vottun á því.

Gæðakerfi eru tölvuvædd en hugbúnaðarlausn kerfanna er fengin hjá Origo sem hefur umsjón með hýsingu. Hugbúnaður auðveldar á allan hátt aðgang að gæðahandbókinni, sem og alla vinnu við skjalagerð er varðar vinnslu á gæðakerfum. Öll skjöl eru auk þess vistuð og aðgengileg á heimasvæði félagsins.

Í nóvember 2015 skrifaði framkvæmdastjóri - Höfða undir yfirlýsingu um loftslagsmál. Félagið hefur sett sér skýr markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, auka endurvinnslu og mæla árangurinn. Unnið hefur verið eftir mætti að því að uppfylla þau markmið sem fram koma í yfirlýsingu.

Rekstur

Velta Höfða minnkaðu töluvert síðasta ári en vaxandi samkeppni er á markaðnum sem félagið starfar á. Breytingar á markaði á síðustu þremur árum hafa aukið verulega samkeppni í sölu og útlögn á malbiki hér á höfuðborgarsvæðinu ásamt Suðurlandi og Vesturlandi.

Velta fyrirtækisins árið 2024 minnkaði verulega og voru tekjur félagsins um 28% minni en árið 2023. Rekstrarafkoma ársins var lakari en árið 2024 þar sem rekstrargjöld voru um 13% lægri en árið 2023. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 977.991.100 og rekstrargjöld kr. 1.399.941.145. Rekstrartap á árinu 2024 var fyrir skatta kr. 248.245.159, en eftir skatta nam tap ársins kr. 215.120.903. Þessi rekstrarniðurstaða var öllu lakar en kynnt var í rekstraráætlun í lok október 2023. Þá var áætlað að tap yrði á rekstri félagsins vegna kostnaðar við flutning á malbikunarstöð en sú vinna hófst á síðasta ársfjórðungi 2021. Eigið fé félagsins var í árslok kr. 1.270.350.

Verðlisti hækkaði á árinu 2024, en hækka þurfti framleiðsluvörur félagsins lítillega. Helstu ástæður fyrir hækkunum á malbiki má rekja til hækkunar á hráefnum, s.s. olíu, steinefnum ofl. Mikill meirihluti tekna félagsins byggist á samningum og/eða tilboðum en ekki listaverði.

Fyrirtækið var með eina malbikunarstöð í notkun árið 2024 sem er töluverð breyting því áður gat Höfði framleitt malbik í tveimur malbikunarstöðvum á Sævarhöfða.

Helstu reiknuð hlutföll fyrir árið 2024 eru eftirfarandi:

- Veltufjórhlutfall: 1,03, þýðir að félagið er með nægt lausafé til að standa undir skammtímaskuldum.

- Lausafjórhlutfall: 0,53, bendir til þess að birgðir vegi þungt – gæti þýtt minni skammtímalausafjárstaða ef ekki næst að selja birgðir hratt.

- Eiginfjórhlutfall: 78,4%, er mjög sterkt og sýnir trausta fjárhagsstöðu til lengri tíma.

Þá sá fyrirtækið um hálkueyðingu og snjóruðning fyrir Reykjavíkurborg eftir útboð en um er að ræða svæðið vestan Elliðaána. Í framleiðslu malbiks keppir fyrirtækið við COLAS hf. og Malbikstöðina. Í útlagningu malbiks bætist svo Loftorka við þá tvo keppinauta sem nefndir voru hér á undan. Steinefni fyrir malbik er keypt af Björgun hf. og frá Veidekke sem er norskur steinefnasali en einnig er hægt að kaupa inn steinefni af Steypustöðinni og ÍAV námum. Malbikstöðin hóf rekstur malbikunarstöðvar á árinu 2020 sem jók verulega samkeppni í framleiðslu og útlögn á malbiki hér á Suðvesturlandi.

Fjárfestingar

Fjárfestingar á síðastliðnu ári námu 153,1 milljónum króna..

Skipulag og starfsmannamál

Félagið hefur alla tíð búið að því að hafa reynslumikið starfsfólk sem hefur sinnt sínum störfum af mikilli trúmennsku og fagmennsku. Starfsmannavelta fyrirtækisins er lítil og flestir starfsmenn þess hafa unnið hjá Höfða í mörg ár og sumir í yfir tvo áratugi. Tveir starfsmenn eru enn starfandi hjá félaginu sem voru hér við störf þegar það hóf rekstur sinn árið 1997.

Töluverð starfsemi var á vegum starfsmannafélagsins.

Niðurlag


Tuttugu og átta rekstrarár eru nú að baki. Reksturinn hefur almennt gengið vel þessi ár þó síðasta ár hafi skilað tapi. Félagið meðal annars nýtt afkomu þessara 28 ára til að endurnýja tæki og búnað og til kaupa á lóð á Álhellu 34, ásamt því að fjármagna flutning á félaginu og hreinsun á lóð á Sævarhöfða.

Verkefnastaðan framkvæmdaeyddar var lök en minni framleiðsla var á malbiki miðað við þá framleiðslugetu sem malbikunarstöðin býr yfir. Nokkur verkefni voru unnin á Suðurlandi og í en þar má nefna framkvæmdir á Selfossi, Hveragerði, Flúðum, Reykjanesi og Akranesi. Tíðarfarar var frekar óhagstætt en vel gekk þó að vinna þau verkefni sem aflað var á árinu.

Núverandi aðalskipulag gerir ráð fyrir íbúðabyggingu á Sævarhöfðanum, en félagið var með starfsleyfi á núverandi athafnasvæði til ársloka 2022. Afnotaleyfi félagsins á lóð við Sævarhöfða er runnið út en félaginu var heimilt að vera á lóðinni út árið 2022.

Mikill tími og orka hefur farið í það hjá stjórnendum fyrirtækisins að flytja – setja upp malbikunarstöð og hefja framleiðslu malbiks á lóð félagsins á Álhellu. Almennt gekk framleiðsla á malbiki vel þrátt fyrir að vera án dagtanka fyrir asfalt fyrstu mánuði síðasta sumars. Samhliða flutningi á félaginu var ráðist miklar breytingar á malbikunarstöð sem hefur bætt ýmsa þætti í framleiðslu malbiks ásamt því að auka framleiðslu á endurunnu malbiki.

Áfram reynir á færni stjórnenda og starfsmanna við að halda niðri kostnaði og hagræða eins og mögulegt er. Vonast er til að aukning verði á framkvæmdum og að verkefnum, sem falla í skaut Höfða, muni fjölga á næstu árum þannig að áfram verið unnt að byggja fyrirtækið upp á nýjum stað og styrkja rekstur þess enn frekar. Verkefnastaðan árið 2024 er undir væntingum og vonast er til að umfang framkvæmda fari að aukast á næstu árum.



**GÆÐA-, UMHVERFIS- OG ÖRYGGISSTEFNASTEFNA
MALBIKUNARSTÖÐVARINNAR HÖFÐA HF.**

Gæðastefna

Malbikunarstöðin Höfði hf. er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum. Fyrirtækið fer að lögum og reglugerðum og framfylgir stöðlum varðandi framleiðsluvörur sínar.

Höfði stefnir að því að vinna í samræmi við þarfir og kröfur hagsmunaaðila. Fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum góða vöru, veitir þeim góða þjónustu og mætir þannig kröfum þeirra og óskum sem best hverju sinni.

Fyrirtækið stefnir að því að uppfylla kröfur samkvæmt ISO 9001 staðli. Jafnframt það markmið fyrirtækisins að framleiðsluvörur þess standist allar gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt CEN-stöðlum.

Einnig stefnir fyrirtækið að því að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru í útboðslýsingum ýmissa verkkaupa og að öll mæld gildi séu innan marka þeirra krafna sem gerðar eru yfirleitt á þessu sviði.

Höfði stefnir að því að hafa jafnan á að skipa hæfu starfsfólki sem tekur þátt í að framfylgja þeim gæðakröfum, sem þjónusta og framleiðsluvörur fyrirtækisins þurfa að uppfylla.

Fyrirtækið stefnir að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið og spara hráefni. Ennfremur að fræða starfsmenn til að þeim sé unnt að vinna verk sín á sem umhverfisvænstan hátt.

Gæðamarkmið

Malbikunarstöðin Höfði hf. stefnir á að frávík séu ekki meiri en 5% frá umbeðinni þykkt útlagðs malbiks að meðaltali.

Fyrirtækið ætlar að auka framleiðslu á endurnýttu malbiki.

Umhverfisstefna

Malbikunarstöðin Höfði hf. vinnur að því að koma í veg fyrir mengun af starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið vinnur að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála, vaktar umhverfispætti og stýrir þeim.

Höfði uppfyllir kröfur samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli. Fyrirtækið stenst jafnframt kröfur samkvæmt ISO 14001 umhverfissjónunarstaðli.

Höfði hvetur starfsmenn til að vinna störf sín á umhverfisvænan hátt. Fyrirtækið stefnir að því að ráða hæft starfsfólk sem fær þjálfun og fræðslu til að lágmarka umhverfisáhrif af starfseminni.

Fyrirtækið fylgist með því að lögum og reglugerðum, sem tengjast starfsemi fyrirtækisins, sé fylgt. Enn fremur fylgist fyrirtækið reglulega með breytingum á lögum og reglugerðum á þessu sviði.

Höfði færir grænt bókhald.

Fyrirtækið tekur tillit til umhverfispáttta við val á innkaupum og við framkvæmdir.

Höfði gætir að umhverfispáttum við vörupróun.

Félagið tekur tillit til umhverfispáttta við val á nýjum framleiðsluferlum.

Umhverfismarkmið

Malbikunarstöðin Höfði hf. ætlar að minnka notkun á óendurnýjanlegum orkugjöfum.

Höfði ætlar að minnka magn almenns sorps.

Fyrirtækið ætlar að auka framleiðslu á endurnýttu malbiki.

Öryggisstefna

Malbikunarstöðin Höfði hf. er traust fyrirtæki sem er umhugað um heilsu og öryggi starfsmanna sinna. Fyrirtækið skuldbindur sig til að útvega búnað til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við vinnu. Í þeim tilgangi vaktar fyrirtækið þá öryggisþætti sem gætu valdið starfsmönnum tjóni.

Höfði uppfyllir kröfur samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli. Fyrirtækið starfar samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðli og framfylgir ISO 45001 öryggisstaðli.

Innan fyrirtækisins starfar vinnuverndarráð, þar sem fulltrúi starfsmanna á sæti. Vinnuverndarráð tekur þátt í að móta öryggisreglur fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur vakandi auga með því að lögum og reglugerðum, sem tengjast starfsemi þess, sé fylgt. Enn fremur fylgist fyrirtækið reglulega með því að vinnuumhverfi og vinnubúnaður sé með löglegum hætti.

Höfði vill efla fræðslu og þekkingu starfsmanna á öryggismálum. Fyrirtækið leggur áherslu á að starfsmenn fái starfsþjálfun til að auka öryggisvitund sína.

Höfði vinnur að stöðugum umbótum á sviði öryggismála.

Fyrirtækið styrkir starfsmenn til heilsuræktar og fyrirbyggjandi heilsugæslu.

Höfði framkvæmir áhættugreiningar reglulega og gerir innri úttektir á áhættuþáttum er varða öryggi.

Öryggismarkmið

Markmið Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. er að að koma í veg fyrir slys og draga markvisst úr atvikum í starfseminni sem leitt gætu til slysa eða óhappa.

Myndir



Mynd 1: Unnið við yfirlagnir á stofngötu í Reykjavík



Mynd 2: Unnið við yfirlagnir á húsagötu í Reykjavík



Mynd 3: Unnið við nýlagn í Staðarskála-Hrútafirði



Mynd 4: Malbikunarstöð á Álhelli 34



Mynd 5: Unnið við nýlögð á heimreið á Suðurlandi



Mynd 6: Lokametrar útlagnar í ljósaskiptunum á Höfðabakka, við Stekkjarbakka

Tillaga stjórnar – Stefna, framtíðarsýn og helstu mælikvarðar

1. Framtíðarsýn

Malbikunarstöðin Höfði hf. verði leiðandi afl í sjálfbærri og vandaðri framleiðslu og útlagningu á malbiki á Íslandi, þar sem gæði, nýsköpun og samfélagsábyrgð fara saman.

2. Stefna

Malbikunarstöðin Höfði hyggst ná framtíðarsýn sinni með því að:

- Framleiða og leggja malbik með hámarksgæðum, í samræmi við nútímakröfur verkkaupa og umhverfisstaðla.
- Efla enn betur innra gæðaeftirlit og halda áfram að innleiða nýjungar í tækni, sjálfvirkni og þáttöku í hringrásarhagkerfi.
- Leggja áherslu á öryggi starfsmanna, góða starfsanda og stöðuga hæfniþróun.
- Efla samstarf við sveitarfélög, verktaka og birgja með gagnsæi og fagmennsku að leiðarljósi.
- Draga úr kolefnisspori starfseminnar með aukinni endurvinnslu, betri orkunýtingu og vistvænni flutningum.

3. Helstu mælikvarðar á árangur

Gæði og afköst

- Hlutfall verka sem standast gæðakröfur við fyrstu prófanir > 98%.
- Auka útlagningu í 60.000 tonn á ári árið 2030.
- Auka framleiðslu í 80.000 tonn á ári árið 2030.
- Hlutfall malbiks sem framleitt er með endurunnum eignum > 15% (til skemmri tíma), stefnt á > 35% árið 2030.

Fjárhagslegir mælikvarðar

- EBITDA hlutfall > 12%.
- Veltufjárhlutfall > 1,5.
- Eiginfjárhlutfall > 60%.

Umhverfi og öryggi

- Kolefnisspor á framleiddu tonni malbiks (CO₂/tonn) árlega skráð.

- Engin alvarleg slys ($LTI = 0$).
- Orkunotkun á framleiddu tonni miðað við 2024 minnki um 10% (l/tonn) á ári.

Viðskiptavinir og ímynd

- Mat verkkaupa á gæðum og þjónustu (ánægjuvísitala) $> 4,3/5$.
- Styrkja þjónustu við viðskiptavini og bæta samskipti.

Starfsmenn

- Starfsánægjuvísitala $> 80\%$.
- Starfsmannavelta $< 10\%$ á ári.

Greinargerð með tillögu

Stjórnin telur mikilvægt að skýrt liggi fyrir hvaða leið Malbikunarstöðin Höfði hf. hyggst fara á næstu árum og hvernig árangur verði mældur með hlutlægum hætti. Með því að samþykkja þessa stefnu og framtíðarsýn á aðalfundi er lagður grunnur að markvissri ákvörðunartöku og forgangsriðun í rekstri, fjárfestingum og mannauðsstefnu fyrirtækisins.

Tillaga stjórnar – Fjárhags- og starfsáætlun

1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu að fjárhags- og starfsáætlun fyrir næsta starfsár. Markmið áætlunarinnar er að tryggja stöðugleika í rekstri, efla innviði og stuðla að vexti og nýsköpun í starfsemi félagsins.

2. Starfsáætlun

Helstu áherslur starfsársins verða eftirfarandi:

- Framleiða og leggja malbik með hámarksgæðum, í samræmi við nútímakröfur verkkaupa og umhverfisstaðla.
- Efla enn betur innra gæðaeftirlit og halda áfram að innleiða nýjungar í tækni, sjálfvirkni og þáttöku í hringrásarhagkerfi.
- Leggja áherslu á öryggi starfsmanna, góða starfsanda og stöðuga hæfnipróun.
- Efla samstarf við sveitarfélög, verktaka og birgja með gagnsæi og fagmennsku að leiðarljósi.
- Draga úr kolefnisspori starfseminnar með aukinni endurvinnslu, betri orkunýtingu og vistvænni flutningum.

3. Fjárhagsáætlun

Áætlun helstu fjárhagslegra stærða fyrir komandi rekstrarár er sem hér segir (upphæðir í ISK):

- Áætlaðar tekjur: 1.420.000.000
- Áætlaður rekstrarkostnaður: 1.170.000.000
- Áætlað EBITDA: 250.000.000
- Áætlaðar fjárfestingar: 50.000.000
- Áætlaðar eignfærslur: 80.000.000

4. Greinargerð með áætlun

Fjárhags- og starfsáætlunin endurspeglar stefnu félagsins um að halda áfram að byggja á styrkleikum sínum í malbikunarframleiðslu og útlagningu, með áherslu á rekstrarhagræðingu, sjálfbærni og nýsköpun. Áhersla er lögð á að ná og viðhalda sterkri fjárhagslegri stöðu og auka afköst í takt við vaxandi verkefni.

Tillaga stjórnar – Stefna um fjármagnsskipan og arðgreiðslur

1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu að stefnu félagsins varðandi fjármagnsskipan og arðgreiðslur. Markmið stefnunnar er að tryggja sjálfbæra fjármögnun, stöðugleika í rekstri og ábyrga meðferð á handbæru fé, með hagsmuni hluthafa og framtíðaruppbyggingu félagsins að leiðarljósi.

2. Stefna um fjármagnsskipan

Félagið skal viðhalda heilbrigðri og sjálfbærri fjármagnsskipan með eftirfarandi meginmarkmiðum:

- Eiginfjárhlutfall skal að jafnaði ekki fara undir 70%, er nú 78,4%.
- Hlutfall skulda miðað við EBITDA skal að jafnaði ekki fara yfir 3,0x.
- Félagið skal halda nægilegu handbæru fé til að standa undir rekstri næstu 8 mánaða án utanaðkomandi fjármögnunar.
- Fjármögnun framkvæmda og fjárfestinga skal að jafnaði samræmast áætlaðri afkastagetu þeirra.
- Við mat á nýjum lánum skal ávallt leggja mat á áhrif á sjóðstreymi, áhættu og fjárhagslegan sveigjanleika.

3. Arðgreiðslustefna

Arðgreiðslur skulu byggjast á rekstri félagsins og miðast við að viðhalda heilbrigðri eiginfjárstöðu. Ákvörðun um arðgreiðslur skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Hagnaður liðins rekstrarárs.
- Fjárhagsleg staða félagsins við ákvörðunartöku.
- Áætlaðar fjárfestingar og viðhald komandi ára.
- Þörf á sveigjanleika í rekstri og sjóðstreymi.

Stjórn stefnir að því, að teknu tilliti til ofangreindra þátta, að leggja til arðgreiðslur sem að jafnaði nema 5–25% af hagnaði liðins árs, að því gefnu að fjárhagsleg geta og áætlanir félagsins leyfi.

Malbikunarstöðin **HÖFÐI hf.**
Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík
Sími: 587 5848
Kt. 581096-2919



4. Greinargerð með tillögu

Með samþykkt þessarar stefnu vill stjórnin skýra ramma utan um ábyrga fjármálastjórn félagsins og gefa hluthöfum fyrirsjáanleika varðandi arðgreiðslur og fjármögnunarstefnu. Stefnan tryggir jafnvægi milli stöðugs rekstrar, fjárfestingargetu og sanngjarns arðs til hluthafa.

Tillaga stjórnar – Fjárfestingaráætlun 2025

1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi fjárfestingaráætlun fyrir næsta rekstrarár. Áætlunin byggir á stefnu félagsins um að efla afkastagetu, bæta umhverfisárangur og tryggja öfluga innviði til að mæta vaxandi verkefnum og kröfum markaðarins.

2. Meginmarkmið fjárfestinga

Fjárfestingar skulu byggðar á heildstæðri þarfagreiningu og stefnumörkun félagsins. Áhersla er lögð á:

- Endurnýja lykiltæki og vélar í malbikunarframleiðslu og útlögn.
- Auka sjálfvirkni og stafræna ferla.
- Draga úr losun og bæta orkunýtingu í rekstri.
- Auka afkastagetu og sveigjanleika í útlögn og framleiðslu.
- Viðhalda og uppfæra húsnæði og aðstöðu félagsins.

3. Skammtíma fjárfestingaáætlun

- Kaup á nýrri útlagnavél – Vögele 1800-5i (með 2,5–8,5 m bretti).
- Hreinorku flokka- og vörubílar.
- Endurnýjun val tara, fræsibúnaðar og móttökutækja í malbikunarstöð.
- Uppfærsla á tölvukerfum og gæðastýringarbúnaði.
- Fjárfesting í sjálfbærri orkulausn fyrir verksmiðju (t.d. rafmagns-, vetnis- eða lífdísillausnir), frumskoðun.
- Endurbætur á starfsmannaaðstöðu og húsnæði.

4. Framkvæmd og tímasetning

Stjórn félagsins leggur áherslu á að fjárfestingaráætlun liggi fyrir eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, samhliða rekstraráætlun komandi árs. Áætlunin skal grundvallast á stefnu félagsins um sjálfbæra þróun, hagræðingu og vöxt.

5. Fjármögnun fjárfestinga

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði fjármagnaðar með blöndu af eigin fé og lánsfjármögnun. Stjórn mun leggja mat á lánskjör og áhrif á sjóðsstreymi með hliðsjón af arðsemi fjárfestinganna. Við gerð fjárfestingaráætlunar er einnig tekið mið af greiðslugetu félagsins og fyrirbyggjandi verkefnastöðu.

6. Greinargerð með tillögu

Með þessari fjárfestingaráætlun er lögð áhersla á langtíma uppbyggingu og stöðugleika í rekstri fyrirtækisins. Áætlaðar fjárfestingar stuðla að auknum afköstum, lægri rekstrarkostnaði og betri samkeppnisstöðu á markaði.

Tillaga stjórnar – Starfskjarastefna

1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu að starfskjarastefnu. Stefnan miðar að því að tryggja sanngjörn, gagnsæ og hvetjandi kjör fyrir starfsfólk fyrirtækisins og styðja við markmið félagsins um stöðugleika, hæfni og fagmennsku.

2. Markmið starfskjarastefnunnar

- Tryggja sanngjörn og samkeppnishæf laun í samræmi við ábyrgð og starfslýsingar.
- Stuðla að langtímatryggð starfsmanna með traustu kjarakerfi.
- Tengja samningsbundin hvatakerfi við frammistöðu og árangur.
- Tryggja jafnræði og gagnsæi í kjörum og umbunum.
- Styðja við símenntun, starfsþróun og velferð starfsmanna.

3. Meginstefnur í starfskjörum

- Laun skulu ákvarðast á grundvelli starfs, menntunar, ábyrgðar, reynslu og frammistöðu.
- Álagsgreiðslur eða aðrar árangurstengdar umbunanir skulu byggjast á fyrirfram skilgreindum mælikvörðum.
- Friðindi á borð við síma, akstursstyrki, fæðisstyrki og líkamsræktarstyrki skulu vera samræmd og gagnsæ.
- Laun framkvæmdastjóra skulu ákvarðast af stjórn og endurskoðast reglulega með hliðsjón af rekstrarumhverfi og árangri.
- Öllum starfsmönnum skal tryggð jöfn tækifæri til launa og þróunar óháð kyni, aldri, trú eða uppruna.

4. Framkvæmd og endurskoðun

Stjórn ber ábyrgð á að starfskjarastefnunni sé fylgt eftir og hún endurskoðuð reglulega. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri útfærslu í samræmi við stefnu og samþykktir stjórnar.

5. Greinargerð með tillögu

Starfskjarastefnan er liður í því að byggja upp öflugan og traustan vinnustað þar sem sanngirni, sveigjanleiki og frammistaða eru í forgrunni. Hún styður við markmið félagsins um langtímaárangur og ábyrg vinnubrögð í anda jafnræðis og velferðar.

Tillaga fyrir aðalfund 2025

Greiðsla þóknunar til stjórnar

1. Inngangur

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. leggur fram eftirfarandi tillögu um greiðslu þóknunar til stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillagan byggir á eðli og umfangi starfs stjórnar og ábyrgð stjórnarmanna, auk samanburðar við sams konar fyrirtæki Reykjavíkurborgar.

2. Tillaga um þóknun

Stjórnin leggur til að stjórnarlaun skulu samsvara flokki II í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Formaður fái tvöföld stjórnarlaun.

Greiðslur miðast við að 10 stjórnarfundir á ári. Ef fundir verða fleiri eða umfang aukist verulega, getur stjórn samþykkt viðbótarþóknun í samráði við aðalfund.

3. Rökstuðningur með tillögu

Þóknunin endurspeglar ábyrgð og þátttöku stjórnarmanna í stefnumótun og yfirumsjón með rekstri félagsins.